

Reykjavík 4. desember 2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun.**

**Þingskjal 89 — 89. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli heilbrigðisráðherra, í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðherra, að móta geðheilbrigðisstefnu og gera aðgerðaáætlun þar sem fram komi m.a. greining á núverandi geðheilbrigðisþjónustu, hvar þörfin sé mest fyrir þjónustuna og hvernig megi mæta henni ásamt stefnumótun til framtíðar í geðheilbrigðismálum fyrir alla landsmenn. Samtökin leggja áherslu á að í úttekt og stefnumótun til framtíðar verði sérstaklega litið til stöðu barna og þeirrar þjónustu sem þau njóta. Mikilvægt er að jafnt sé litið til þeirra þátta sem lúta að geðrækt og forvarna og eru fyrirbyggjandi svo og þeirra þátta sem lúta að úrræðum fyrir þá sem eiga við geðraskanir að stríða. Snemmtæk íhlutun er mjög mikilvæg þegar börn eiga í hlut, en fá þau stuðning og viðeigandi aðstoð strax þegar hennar er þörf, getur það komið í veg fyrir aukinn vanda þegar þau verða eldri.

Barnaheill vilja leggja áherslu á að geðheilbrigðisstefna verði byggð á og sé í samræmi við almenna heilbrigðisstefnu á Íslandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi